

Ritun

Þegar kennari fær nemendur til að skrifa texta þarf hann að vera viss um til hvers hann ætlast af þeim og koma því vel til skila. Ekki er hægt að búast við að nemendur finni á sér til hvers er ætlast af þeim. Kennari þarf því að leiða nemendur í sannleikann um ritunina áður en hafist er handa, hvort sem um langa eða stutta ritun er að ræða. Góð innlögn á töflu getur verið nauðsynleg, auk þess sem nemendur gætu margir þurft að hafa aðgang að dæmum sem þeir geta skoðað til að átta sig enn betur á gerð og tilgangi ritunarinnar. Ef dæma á ritunina þarf einnig að segja nemendum hvernig hún verði metin. Ef nemandinn er öruggur á til hvers er ætlast af honum er hann mun líklegri til að vinna vel en ella.

En hvað er ritun í raun og veru? Ritun er stuttur texti þar sem fjallað er um eitt aðalumfjöllunarefni. Á unglíngastigi er ritun oft á bilinu 50 – 500 orð en getur verið miklu lengri. Efnistöð ritana geta verið með ýmsu móti enda eðli þeirra oft ólíkt. Ritunin getur t.d. tjáð skoðanir eða tilfinningar þess sem ritar, sýnt hugmyndir, verið upplýsandi um ákveðin mál, eða haft þann tilgang að sýna fram á að eitthvað sé öðru betra. Af þessu leiðir að misjafnt er einnig hver hugblær textans er. Kannski er hann alvarlegur, ljóðrænn, skoplegur, ádeilukenndur eða eitthvað allt annað. Þá er einnig misjafnt í hvaða tíð og persónu er skrifað og hvert sjónarhornið er, enda fer það eftir því hvað hæfir efninu best. En þegar kemur að uppbyggingu textans verður hún að vera í föstum skoðum. Það gildir einu hvort nemandi á að svara spurningu á prófi, skrifa um dægurmál eða jafnvel heila sögu alltaf þarf hann að byggja textann sinn vel upp. Í allri ritun er um ákveðna þrískiptingu að ræða, þ.e. opnunarorð, meginmál og lokaorð. Efnistöð fara sem sagt eftir tilgangi ritunarinnar og sama gildir um sjónarhornið, tíðina sem skrifað er í og hugblæ textans en byggingin fylgir föstum reglum.

En þótt ritanir geti verið með ýmsu móti eru algengustu ritanirnar á unglíngastigi e.k. tjáning, sköpun eða rökfærsla. Í þeim tilgangi að hafa fjölbreytina sem mesta eru farnar ýmsar leiðir í námsefni Vallaskólaleiðarinnar. Nemendur skrifa t.d. rökfærsluritanir, draumasögur, flugusögur, örsögur, smásögur, hugleiðingar, dagbækur, ræður, bréf, umsóknir og einnig heilu ritgerðirnar.

Rökfærsluritun

Rökfærsluritun er einnar efnisgreinar ritun þar sem nemendur færa rök fyrir máli sínu. Ritunin byggir á þremur þrepum og unnið er út frá hugmyndum um lykilritun. Það þýðir að ritun hefst á lykilsetningu sem er inngangssetning ritunarinnar og gegnir sama tilgangi og inngangur í lengri ritunum. Þá tekur rökfærslan við þar sem nemendur færa tvenn eða þrenn rök fyrir máli sínu og nefna dæmi með hverju þeirra máli sínu til stuðnings. Að lokum kemur lokamálgreinin þar sem nemendur koma aftur fram með hugsunina sem var í lykilsetningunni en orða hana á annan hátt.

Smásaga

Smásaga er stutt saga, oft ein til tvær blaðsíður þótt þær geti vissulega verið lengri. Byggingin er þannig að sagan hefst á húkkara sem er málsgrein sem grípur athygli lesandans. Þá er byggð upp spenna. Sögunni lýkur síðan nálægt hápunkti, þ.e. risinu þar sem sagan er mest spennandi. Einhver lausn er alltaf sjáanleg. Hugmyndin með að fá nemendur til að skrifa smásögu er að örva skapandi skrif og að horfa á fólk og atburði út frá öðru sjónarhorni en dags daglega.

Draumasaga

Draumasaga er skapandi ritun þar sem nemendur láta hugarflugið ráða ferðinni. Nafnið er sótt í draumana þar sem allt getur gerst og efnistöð því mjög frjálsgleg. Sögurnar eiga að vera fantasíukenndar og jafnvel nokkuð súrrealískar enda er þeim ætlað að örva hugmyndaflugið og skapandi skrif. Sögurnar fylgja hefðbundinni uppbyggingu smásögunnar. Til að búa nemendur undir að skrifa draumasögu þarf að benda þeim á byggingu hennar og muna að smásögur hafa ekki langan aðdraganda. Byrja þarf á húkkara, byggja upp spennu og koma með lausn í lokin.

Flugasaga

Tilgangur með flugasögunum er að fá nemendur til að horfa hlutlægt á eitthvert tiltekið atriði og lýsa því án þess að þurfa endilega að taka afstöðu til þess sem lýst er. Nemendur eiga að setja sig í spor flugu á vegg sem sér allt en getur ekki haft tjáskipti við þá sem í hlut eiga. Flugusögur geta hvort heldur verið mjög stuttar og sýnt takmarkaðan hluta einhvers atburðar eða myndað heila sögu sem þá er e.k. smásaga.

Örsaga

Örsögur eru mjög stuttar listrænar sögur, oftast fáeinar línur. Þær eru tjáning augnabliksins og hafa mörg einkenni smásögunnar. Sögurnar minna einnig á prósaljóð nema hvað myndmál er miklu minna í þeim en ljóðunum.

Hugleiðing

Með því að fá nemendur til að hugleiða má oft fá þá til þess að skynja hlutina út frá nýju sjónarhorni. Stundum endurmeta nemendur jafnvel afstöðu sína til tiltekinnna mála eftir að þeir hafa ritað hugleiðingar. Nemandi sem setur sig í spor þolanda eineltis vill t.d. síður vera gerandi í einelti þegar hann hefur horfst í augu við líðan einstaklingsins enda skilur hann illt eðli eineltist betur.

Dagbók

Hefðbundnar dagbókarfærslur eiga ekki að vera þurrar og leiðinlegar. Kannski væri betra að kynna þær sem „bloggfærslur“ enda er það hugtak sem fleiri þekkja en dagbækur. Nemendur eiga að tjá sig um líðan sína, skoðanir á ýmsum málum og síðast en ekki síst að sjá sig sjálf í nýju ljósi. Hugleiðingar geta því verið hluti af dagbókarfærslum enda er eðli dagabóka að skoða það sem á sér stað í nær- og fjærumhverfi skrásetjarans.

Ræða

Allir þurfa að halda ræðu einhvern tímann á ævinni, hvort sem er í fermingunni sinn þegar þeir bjóða gestum að gjöra svo vel, afmæli náins ættingja, brúðkaupi eða útskrift. En ræða stekkur ekki fram fullsköpuð. Hana þarf að undirbúa bæði skrifin sjálf og flutninginn. Ræður fylgja ákveðnu formi, þær hafa t.d. upphaf, miðju og endi eins og öll ritun. Þegar ræða er undirbúin verður að hafa í huga tilgang hennar, áheyrendahópin og rétta framsögn til að koma henni vel til skila.

Bréf

Flokka má bréf í tvennt, formleg bréf og persónuleg bréf. Uppbygging þessara bréfa er svipuð en mun meira frjálsræði er þó leyft í þeim persónulegu. Í öllum bréfum þarf að koma fram staðurinn sem bréfið er ritað á, dagsetning og ártal, ávarp og kveðjuorð. Allt þarf þetta svo að samræmast efni bréfsins. Maður segir jú ekki hæ og bæ í opinberum bréfum.

Umsókn, ferilsskrá

Umsókn um vinnu og ferilsskrá ætti að vera sjálfsgöð ritun í 10. bekk. Búa þarf nemendur undir lífið og vinnan er stór hluti af því. Allir þurfa einhvern tímann á ævinni að sækja um vinnu, munnlega eða skriflega. Umsóknin sjálf er formlegt bréf en ferilsskárin er e.k. æviágrip fólks með helstu upplýsingum um það s.s. aldur, menntun, reynslu og áhugamál og er látin fylgja með þegar sótt er um vinnu. Góð ferilsskrá og vel orðuð umsókn geta skipt sköpum þegar sótt er um vinnu.

Ritgerð

Ritgerðir geta verið með ýmsu móti hvað efni varðar. Þegar skrifaðar eru bókmenntaritgerðir er tilgangurinn að kryfja einhverja tiltekna bók til mergjar að því marki sem nemendur eru færir um. Heimildaritgerð hefur aftur þann tilgang að kenna nemendum að umgangast heimildir og nýta sér þær í ritun. En þótt efnistöð séu misjöfn og tilgangurinn einnig á ritgerð alltaf að vera fullmótuð og vel frá gengin þegar lokagerð hennar er skilað. Ef unnið er út frá hugmyndum um ferlisritun má búast við að ritgerðin verði nokkuð vel upp byggð og ekki hálfköruð.